

## 10. gr.

*Lögfræðilegar álitserðir.*

Tímagjald lögfræðings

4.000 kr./klst.

## 11. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 52/1987 um opinber innkaup og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 80 25. janúar 1999.

*Fjármálaráðuneytinu, 21. júlí 1999.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

---

*Guðmundur Ólason.***SAMÞYKKT****um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað  
nr. 166 17. maí 1974.**

## 1. gr.

42. gr. orðist svo:

Enginn má skemma, troða né spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, mat-jurtagörðum eða skruðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður. Enginn má hleypa af skotvopni í eða nálægt byggð í kaupstaðnum.

## 2. gr.

43. gr. orðist svo:

Bannað er að tjalda í landi Seyðisfjarðarkaupstaðar, nema á þar til merktum svæðum. Bannað er að leggja húsbílum til dvalar í landi Seyðisfjarðarkaupstaðar, nema á þar til merktum svæðum.

## 3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júlí 1999.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

---

*Stefán Eiríksson.*